



# Heimanámsstefna Grunnskólans Hellu

***Grunnskólinn Hellu***

*Útskálum 6 - 8 sími 488 7020 [grhella@grhella.is](mailto:grhella@grhella.is) <http://grhella.is/>*



## *Heimanám.*

Það er stefna Grunnskólans á Hellu að setja nemendum fyrir heimanám. Þá er átt við hóflega heimavinnu sem viðráðanleg er hverjum einstaklingi.

Markmið með heimanámi er að auka tengsl heimilis og skóla og gefa foreldrum innsýn í nám barna sinna.

### Jákvætt viðhorf foreldra og stuðningur stuðlar að betri námsárangri nemenda.



Lestur til yndis og fræðslu skal vera rauður þráður í heimanámi gegnum alla skólagöngu nemenda í Grunnskólanum Hellu. Gert er ráð fyrir að allir nemendur lesi heima fyrir foreldra á hverjum virkum degi.

Lýsing á öðru heimanámi hverrar viku geta foreldrar nálgast í gegnum Mentor.

Nemendum á mið- og yngsta stigi gefst kostur á heimanámsaðstoð í umsjón kennara.

Þó er gert ráð fyrir að nemendur lesi heima fyrir foreldra. Skil á heimanámi er á ábyrgð foreldra/forráðamanna.



*Foreldrar geta beðist formlega undan öðru heimanámi en lestri til skólastjóra.*

Yngsta stig- lestur í 15 mínútur upphátt á hverjum virkum degi. Annað heimanám er einstaklingsmiðað. Sent heim að jafnaði einu sinni í viku með áherslu á íslensku og stærðfræði í samhengi við annað sem verið er að vinna í skólanum.

Miðstig – lestur í 15 mínútur upphátt á hverjum virkum degi (einkunn fyrir heimalestur er gefinn á hverri önn) Einstaklingsmiðuð vikuáætlun kláruð heima ef ekki næst að klára í skóla.

Elsta stig – lestur í 15 mínútur upphátt á hverjum virkum degi (einkunn fyrir heimalestur er gefinn á hverri önn inn í íslenskueinkunn). Auk yndislestrar er hægt að nýta námsbækur í náttúrufræði/samfélagsgreinum/íslensku til að undirbúa sig fyrir kennslustundir hverju sinni. Námsáætlanir á mentor, nemendur ljúka þeim verkefnum sem ekki næst að vinna í skólanum heima. Verkefnabók í mentor er opin fyrir öll verkefnaskil.

